

Alþingi
Erindi nr. E 123/704
komudagur 18.12.1998

Reykjavík 10 / 12 1998

Til efnahags og viðskiptanefndar alþingis.

Þar sem nefndin er með til umfjöllunar frumvarp um vörugjald á leigubifreiðar, langar mig til að koma með eftirfarandi ábendingar:

1. Vörugjald verði eins og segir í frumvarpinu, en lækki í 10 % 1. janúar 2000.
2. Skyldueign verði 2,5 -3 ár.
3. Til að auðkenna leigubíla enn frekar verði þeir með sérstökum skráningarnúmerum, t.d. bláum með hvítum stöfum.
4. Einnig mætti setja svipuð notkunar skilyrði og á vsk-bíla þ.e.a.s. mjög takmarkaða einkanotkun.

Skýringar: Telja verður sanngjarn að vörugjald lækki til samræmis við hápbifreiðar.

Skyldueign verði til að koma í veg fyrir misnotkun.

Liður 3 og 4 eru einnig til að koma í veg fyrir misnotkun.

Afkoma leigubílstjóra í dag er ekki betri en það að til þess að geta endurnýjað bíla sína, hafa þeir orðið að leita til fjármögnunarfyrirtækja. Þegar upp er staðið þá má segja að þeir hafi aldrei eignast neitt í bílnum. Greiðslurnar voru bara LEIGA. Ekki kemur afkoman til með að batna þegar við megum aðeins vinna 48 klst á viku. Það er mjög algengt að bílstjórar vinni 45 klst bara á fimmtudags, föstudags og laugardagskvöld. Þá eru eftir 3 klst sem fara í þríf, en þau teljast til vinnutíma.

Með fyrirfram þök

Kristi nn Rásantsson
120554-4849
BSR no 98